

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 119 – 26.05.2009

Þriðjudaginn 26. maí, árið 2009, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Ársreikningur 2008
2. Hitaveita í Sæmundarhlíð
3. Aðalfundur félagsins
4. Gjaldskrá hitaveitu
5. Fjármál og framkvæmdir
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG á Sauðárkróki kom á fundinn undir þessum lið. Skýrði hann ársreikning Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2008. Rekstartap félagsins var kr. 197.908.107.- Heildareignir félagsins eru að upphæð kr. 1.056.294.166.- og eigið fé kr. 177.225.442.-. Stjórn Skagafjarðarveitna undirritaði ársreikninginn og samþykki að vísa honum til aðalfundar.
2. Lagt fram bréf undirritað af Sigmari Jóhannssyni dags. 24. maí 2009 þar sem fjallað um hitaveitu í Sæmundarhlíð. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að funda með íbúum Sæmundarhlíðar 3. júní nk. kl. 16.30. Samþykkt að leita eftir því við lögstjóðanda í útboði varðandi efnispátt hitaveitu í Sæmundarhlíð Set ehf, framlengja tilboð sitt um tvo mánuði þ.e. til 28. júlí 2009
3. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að halda aðalfund félagsins þann 11. júní 2009. kl. 14.00
4. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir að hækka gjaldskrá hitaveitu um 3.5% 1. júlí 2009
5. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að dregið verið úr þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á þessu ári, eða þeim skotið á frest, jafnframt verði gætt ítrasta aðhalds rekstri félagsins.
6. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.45

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Dagbjartsson (sign)

Pétur Valdimarsson (sign)

Páll Pálsson (sign)